

Föstudaginn 24. nóvember 1961.

Nr. 56/1961.

Ákærvaldið

(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.)

gegn

Ármanni Jakobssyni (Páll Líndal hdl.).

Dómenður:

hæstaréttardómaramennir Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson, Ármann Snævarr prófessor, Einar Arnalds borgardómari og Magnús Torfason prófessor.

Brot gegn 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
Ákærureglur.

Dómur Hæstaréttar.

Einar Ingimundarson, bæjarfógeti í Siglufirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Ummæli þau, sem mál þetta er af risið, voru birt hinn 24. júní 1959 í óundirritaðri grein í blaði, sem nefnist „Kosningablað Alpýðubandalagsins í Siglufirði“. Í grein þessari kemur fram viðtal af hálfu blaðsins við Vigfús Friðjónsson, útgerðarmann og sildarsaltanda í Siglufirði. Fallast má á þá niðurstöðu héraðsdóms, að þó að tiltekin ummæli séu í greininni höfð eftir Vigfúsi, þá verði hann samt ekki talinn hafa nafngreint sig sem höfund hennar í merkingu 2. málsg. 15. gr. laga um prentrétt nr. 57/1956, og skiptir ekki máli um það, þó að hann hafi síðar kannast við, að ummælin væru rétt eftir honum höfð. Ákærði er í blaðinu nafngreindur sem ábyrgðarmaður þess, og ber hann því ábyrgð á efni greinarinnar samkvæmt 3. málsg. 15. gr. nefndra laga.

Hinum átöldu ummælum er að nokkru leyti beint að Sildarútvegsnefnd í heild, en þó að mestu leyti að formanni hennar, Erlendi Þorsteinssyni, og varaformanni, Jóni L. Þórðarsyni. Þar sem stjórnarmenn Sildarútvegsnefndar eru opinberir starfsmenn, á ákærvaldið saksóknarrétt samkvæmt 108. gr. laga nr. 19/1940 á hendur ákærða, að því er tekur til refsikröfu. Í bréfi til Dómsmálaráðuneytisins,

dags. 17. ágúst 1959, hafði þess verið æskt af hálfu þeirra Erlends Þorsteinssonar og Jóns L. Þórðarsonar, að ákærvaldið bæri fram í opinberu refsímáli gegn fyrrgreindum Vigfúsi Friðjónssyni kröfur um ómerkingu ummæla, miska-bætur þeim til handa og fégreiðslu til að standast kostnað af birtingu dóms í opinberu blaði eða riti. Hins vegar hafa þeir Erlendur og Jón ekki farið fram á, að slíkar kröfur væru hafðar uppi í opinberu máli á hendur ákærða Ármanni Jakobssyni. Ákærvaldið á því ekki sókn sakar um kröfur þær, sem gerðar eru á hendur ákærða í 2., 3. og 4. tölulið ákæruskjals. Ber að fella ákvæði hins áfrýjaða dóms úr gildi, að því er þær kröfur varðar, og vísa þeim frá héraðsdómi.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um refsingu ákærða að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms á að vera óraskað. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Guðmundar Vignis Jósefssonar hæstaréttarlögmanns og Páls Linds héraðsdómslögmanns, kr. 3500.00 til hvors.

Dómsorð:

Kröfum þeim, sem greinir í 2., 3. og 4. tölulið ákæruskjals, vísast frá héraðsdómi.

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða, Ármanns Jakobssonar, á að vera óraskað að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Guðmundar Vignis Jósefsson-

ar hæstaréttarlögmanns og Páls Lindals héraðsdómslögmanns, kr. 3500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Siglufjarðar 1. október 1960.

Ár 1960, laugardaginn 1. október, var í sakadómi Siglufjarðar, sem haldinn var á skrifstofu embættisins af Einari Ingimundarsyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 147/1960: Ákærvaldið gegn Ármanni Jakobssyni héraðsdómslögmanni, sem tekið var til dóms þann 23. september s.l.

Mál þetta er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn Ármanni Jakobssyni héraðsdómslögmanni og ábyrgðarmanni Kosningablaðs Alpýðuðbandalagsins í Siglufirði, til heimilis að Aðalgötu 34, Siglufirði, fyrir að hafa birt á 4. síðu 3. tölublaðs 3. árgangs nefnds blaðs, sem út kom á Siglufirði miðvikudaginn 24. júní 1959, undir fyrirsögninni „Bannað er að verja fiskmeti skemmdum með salti“ eftirfarandi meiðyrði og aðdróttanir um Síldarútvegsnefnd, formann hennar og varaformann, Erlend Þorsteinson, Eskihlíð 21, og Jón Leopold Þórðarson, Hagamel 8, báða í Reykjavík.

„Ég tel, að hún hafi enga heimild til þess, en misnoti hins vegar óljós atriði í reglugerðinni, sem tiltekur vald hennar, til að gera hluti, sem löggjafinn hefur ekki ætlað til, að hún geri, og sem engin heilbrigð skynsemi mælir með. Með þessu tiltæki skaðar hún sjómenn, landverkafólk, útgerðarmenn og síldarsaltendur og þjóðina í heild um dýrmætan gjaldeyri.“

.... „Því sýnilegt er, að formaður og varaformaður nefndarinnar, sem mestu ráða, eru ekki starfi sínu vaxnir“.

.... „Þeir hafa misnotað aðstöðu sína í SÚN á ýmsan hátt. M. a. hnuplað af saltendum á 5 árum um það bil 1½ milljón króna, sem nefndin hefur nú verið dæmd til að endurgreiða þeim. Þá hafa þeir notað fé nefndarinnar til vafasamra húsakaupa, til að kaupa skúrræfla af félögum, sem þeir eru hluthafar í, fyrir hundruð þúsunda. Þeir hafa með fyrirhyggjuleysi eyðilagt tómtunnubirgðir í stórum stíl. Hefur nefndin nú verið látin greiða saltendum hátt í milljón krónur í bætur fyrir sölu á skemmdum umbúðum. Einnig hafa þeir brúðlað með fé nefndarinnar á fleiri sviðum.“

Í ákæruskjali er ákærði með birtingu framangreindra ummæla

talinn hafa gerzt brotlegur við 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 16. gr. laga nr. 57/1956.

Er þess krafizt, að:

1. Ákærði verði dæmdur til refsingar.
2. Framangreind ummæli verði dæmd ómerk samkvæmt 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga.
3. Ákærði verði dæmdur til að greiða formanni og varaformanni Síldarútvegsnefndar, Erlendi Þorsteinssyni og Jóni Leopold Þórðarsyni, hæfilega fjárhæð til þess að standast kostnað við birtingu dóms í máli þessu í opinberu blaði eða riti samkvæmt 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga.
4. Ákærði verði dæmdur til að greiða þeim Erlendi Þorsteinssyni og Jóni Leopold Þórðarsyni miskabætur samkvæmt 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga.
5. Ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 2. ágúst 1914 í Reykjavík. Hann var sektaður í lögreglurétti Reykjavíkur 13. ágúst 1934 fyrir brot á 102. gr. hegningarlaganna og 9. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, en hefur ekki, svo vitað sé, sætt öðrum kærnum eða refsingum.

Málavextir eru þessir:

Í 3. tölublaði 3. árgangs Kosningablaðs Alþýðubandalagsins í Siglufirði, sem út kom miðvikudaginn 24. júní 1959 hér á Siglufirði, birtist viðtal við Vigfús Friðjónsson framkvæmdastjóra, Gránugötu 15, hér í bæ, undir fyrirsögninni „Bannað að verja fiskmeti skemmdum með salti“. Fólust í viðtali þessu m. a. þau ummæli og aðdróttanir um Síldarútvegsnefnd, Erlend Þorsteinsson formann nefndarinnar og Jón Leopold Þórðarson varaformann nefndarinnar, sem hér að framan eru greind í ákæruatriðum. Vigfús Friðjónsson hefur við rannsókn málsins tekið fram, að ummæli þessi séu rétt eftir sér höfð. Hefur hann við rannsókn leitazt við að færa þeim fullyrðingum sínum um Síldarútvegsnefnd, formann hennar og varaformann, sem felast í viðtalinu, stað, en Vigfús rekur útgerð og síldarsöltun hér á staðnum og hefur stundað þann atvinnurekstur um nokkur ár. Ákærði var ábyrgðarmaður Kosningablaðs Alþýðubandalagsins í Siglufirði á þeim tíma, sem viðtal það, sem hér ræðir um, birtist í blaðinu. Hins vegar kveðst ákærði ekki hafa kynnt sér efni þessarar greinar eða viðtals, sem hér um ræðir og mál þetta er risið af, og ekki kveðst hann vera persónulega kunnugur þeim atvikum, sem að er vikið í viðtali þessu.

Með því að staðhæfingar þær og aðdróttanir um Síldarútvegsnefnd, formann hennar og varaformann, sem felast í nefndu viðtali, eru nokkuð ólíks eðlis, verður hér á eftir vikið að hverju atriði fyrir sig og um leið rakið, svo sem ástæða þykir til, það, sem Vigfús Friðjónsson hefur við rannsókn málsins talið renna stóðum undir staðhæfingar sínar, svo og getið ummæla forráðamanna Síldarútvegsnefndar um þær, eins og þau eru greind í prófun málsins.

I. . . . „Því sýnilegt er, að formaður og varaformaður nefndarinnar, sem mestu ráða, eru ekki starfi sínu vaxnir“.

Þessi ummæli telur Vigfús Friðjónsson vera réttlætt með því, að eftir því sem hann heldur fram hafi forráðamenn Síldarútvegsnefndar beitt hann miklu ranglæti sumarið 1958. Hafi þeir, meðan síldarvertíð stóð sem hæst, neitað honum um hjálpartæki (salt, sykur o. fl.) til þess að krydd- og sykurverka síld og hafi haft í hótunum um að beita félag það, sem hann veitir forstöðu (Íslenzkan Fisk h/f), refsingum, ef það héldi áfram að sérverka síld það sumar. Í þessu sambandi hefur Vigfús Friðjónsson skírskotað til bréfs Síldarútvegsnefndar til fyrirtækis hans (Íslenzks Fisks h/f), dags. 23. júní 1958, þar sem skýrt er frá ályktun Síldarútvegsnefndar, gerðri með atkvæðum allra viðstaddra nefndarmanna og atkvæði Jóns Leopolds Þórðarsonar í síma. Í bréfi þessu átelur nefndin harðlega, að Íslenzkur Fiskur h/f hafi ekki farið eftir fyrirmælum um söltun cutsíldar, heldur saltað í stórum stíl og að mestu í heimildarleysi sykursíld og kryddsíld. Er síðan tekið fram, að nefndin geymi sér frekari rétt til aðgerða gagnvart nefndu félagi og tilkynnir því síðan, að hún hafi lagt fyrir framkvæmdastjóra nefndarinnar að afgreiða ekki sykur til félagsins fyrst um sinn.

Haustið 1958 segir Vigfús Friðjónsson, að síld sú, sem fyrirtæki það, sem hann veitir forstöðu, lét salta um sumarið í trássí við forráðamenn nefndarinnar, hafi verið vel þegin af sömu aðiljum upp í óefnda samninga við Finnland og hafi síðan selzt fyrir hæsta verð. Heldur hann því fram, að Síldarútvegsnefnd hafi ekki skilað honum öllu andvirði þessarar síldar, en haldið eftir, að því er hann telur, rúmlega kr. 100.000.00 ranglega og þvert ofan í fyrri fyrirheit. Hefur hann í því sambandi skírskotað til bréfs nefndarinnar til fyrirtækis hans (Íslenzks Fisks h/f), dags. 1. júlí 1958, þar sem fyrirtækinu er heimilað að selja til Vestur-Þýskalands og Bretlands ákveðið magn síldar með vissum skilyrðum. Ekki mun hafa orðið neitt af sölu síldar frá fyrirtæki Vig-

fúsar Friðjónssonar til fyrrnefndra landa af ástæðum, sem Síldarútvegsnefnd verður ekki talin eiga sök á, eins og síðar mun verða lýst. Verður ekki séð, að sú staðhæfing, að nefndin hafi haft fé af fyrirtækinu Íslenzkum Fiski h/f vegna sölu á umræddri síld til Finnlands, hafi neina stoð í nýnefndu bréfi nefndarinnar til fyrirtækisins (Íslenzks Fisks h/f), enda fjallar bréfið um sölu á síld til annarra landa en Finnlands, og ekki liggur fyrir, að fyrirtækinu Íslenzkum Fiski h/f hafi verið greitt lægra verð fyrir margnefnda síld en öðrum síldarsaltendum.

Um framangreindar staðhæfingar hefur Erlendur Þorsteinsson, formaður Síldarútvegsnefndar, annars tekið þetta fram við rannsókn málsins:

Í júnímánuði 1958 hafði Síldarútvegsnefnd orðið þess vör, að fyrirtækið Íslenzkur Fiskur h/f var tekið að salta í heimildarleysi í stórum stíl sykur- og kryddsíld (um 3000 tonnur), og lagði þá fyrir framkvæmdastjóra nefndarinnar að afgreiða ekki fyrst um sinn sykur til félagsins, en undanfarin 24 ár hafa saltendur verið háðir leyfi Síldarútvegsnefndar til söltunar. Þegar Erlendur kom til Siglufjarðar í lok þessa mánaðar (júní 1958), hafi Vigfús Friðjónsson tjáð honum, að hann (Vigfús) væri búinn að selja til Vestur-Þýskalands 1450 tonnur og til Bretlands 1600 tonnur. Kveðst Erlendur hafa óskað eftir að sjá skilríki þessu til sönnunar hjá Vigfúsi, en því hafi hann (Vigfús) synjað. Kveðst Erlendur þá hafa óskað eftir því við einn nefndarmanna í Síldarútvegsnefnd, Hannibal Valdimarsson, og Jón Stefánsson, framkvæmdastjóra nefndarinnar, að þeir ræddu mál þetta við Vigfús og hafi þeir gert það. Að viðræðum loknum hafi þeir Hannibal og Jón skýrt nefndinni frá því, að þeir hefðu enga sölusamninga eða skilríki fengið að sjá hjá Vigfúsi fyrir umræddri sölu. Segist Erlendur hafa fulla ástæðu til að ætla, að þessi frásögn Vigfúsar Friðjónssonar um sölu og sölumöguleika á síld hafi verið röng, því að til Vestur-Þýskalands hafi fyrirtæki Vigfúsar Friðjónssonar (Íslenzkur Fiskur h/f) aðeins selt þetta sumar 50 tonnur kryddsíldar. Þegar fór að líða að útskipun síldar til samningslanda Síldarútvegsnefndar, einkum Svíþjóðar og Finnlands, segir Erlendur Þorsteinsson Vigfús Friðjónsson bæði munnlega og bréflega hafa tekið að krefjast þess, að nefndin tæki af honum upp í sölusamninga hennar síld þá, sem fyrirtæki hans hafði þá um sumarið saltað án leyfis nefndarinnar, en áður hafði nefndin heimilað sölu á hluta þessarar síldar til Vestur-Þýskalands og Bretlands, svo sem áður er getið. Þessum kröfum

hafi nefndin vísað á bug. Út af þessu hafi þáverandi sjávarútvegsráðgjafi, Lúðvík Jósepsson, beðið hann (Erlend Þorsteinsson) um að hlutast til um, að Síldarútvegsnefnd tæki eitt-hvað af þessari óleyfilega söltuðu síld Vigfúsar Friðjónssonar eða helzt allt magnið, og hafi lýktir orðið þær, að nefndin samþykkti að taka 1750 kryddsíldartunnur af margnefndu síldarmagni upp í Finnlandssamninga sína. Fyrir þá síld, sem söltuð var 1958, fékkst hærra verð í Finnlandi en á öðrum mörkuðum, og krafðist Vigfús Friðjónsson þess, að honum yrði greitt það verð fyrir fyrrnefnt síldarmagn (1750 tonn), sem fyrir það fékkst í Finnlandi. Hins vegar segir í 6. gr. reglugerðar frá 22. júní 1952 um sölu og útflutning saltsíldar o. fl., sem enn gildir, að „greiðslu fyrir síldina til síldarsaltenda skal hagað þannig, að síldareigendur fái jafnt verð, miðað við gæði síldarinnar, þökkun og tegundir“. Samkvæmt þessu ákvæði hafi fyrirtæki Vigfúsar Friðjónssonar (Íslenzkum Fiski h/f) verið greitt sama verð og öðrum síldarsaltendum fyrir þeirra síld, og verður ekki betur séð en það hefði verið brot á áðurnefndu reglugerðarákvæði, ef svo hefði ekki verið gert.

Til rökstuðnings þeirri staðhæfingu sinni, að formaður og varaformaður Síldarútvegsnefndar séu ekki starfi sínu vaxnir, hefur Vigfús Friðjónsson við rannsókn málsins einnig nefnt það, að veturinn 1958—1959 hafi Síldarútvegsnefnd reynt að undirbjóða félag hans (Íslenzkan Fisk h/f) á dönskum síldarmarkaði, og svo alvarlega segir hann þessa framkomu nefndarinnar hafa verið, að erlendir kaupendur hafi kvartað undan henni. Segir Vigfús hafa legið við borð, að félag það, sem hann veitir forstöðu, hafi glatað sölumöguleikum við sænska síldarkaupmenn út af þessu. Kveðst Vigfús hafa selt síld frá fyrirtæki sínu til Svíþjóðar fyrir sænskar kr. 121.50 f.o.b., en Síldarútvegsnefnd fyrir sænskar kr. 111.50 f.o.b.

Hefur Vigfús til sönnunar þessu lagt fram símskeyti frá H. H. Kristensen, dagsett í Gautaborg 28. janúar 1959, þar sem segir, að samningum Íslenzks Fisks h/f um sölu á 1300 tunnum sé stefnt í hættu vegna framboðs Síldarútvegsnefndar á 1000 tunnum af sykursíld fyrir kr. 111.50 f.o.b.

Út af þessu hefur Erlendur Þorsteinsson, formaður Síldarútvegsnefndar, bent á, að samkvæmt 11. gr. laga nr. 74/1934 hafi sjávarútvegsráðgjafi löggilt Síldarútvegsnefnd sem einka-útflytjanda á saltaðri síld 1958. Auk þess hefur hann tekið fram, að samkvæmt 3. gr. sömu laga megi enginn bjóða til sölu eða

selja til útlanda saltaða síld, nema með leyfi nefndarinnar. Ekki hafi Vigfús Friðjónsson eða fyrirtæki hans fengið leyfi Síldarútvegsnefndar til að bjóða saltaða síld til sölu á dönskum markaði eða sænskum. Hafi Vigfús gert það, hafi það verið gagnstætt lögum. Erlendur segir þá Jón Leopold Þórðarson hafa reynt að kynna sér, hvort Íslenzkur Fiskur h/f hafi raunverulega selt umrædda síld til Svíþjóðar fyrir herra verð en Síldarútvegsnefnd hafi samið um við sænska síldarkaupendur, og ef svo hefði verið, hverju slíkt hefði sætt, en engin svör hefðu þeir fengið við þeim eftirgrennslunum.

Hér verður ekki tekin afstaða til þess, hvort fyrirtæki það, sem Vigfús Friðjónsson veitir forstöðu, Íslenzkur Fiskur h/f, hafi raunverulega selt eða gert samning um sölu saltsíldar til Svíþjóðar veturinn 1958—1959 fyrir herra verð en Síldarútvegsnefnd fékk í þessu landi fyrir síld annarra saltsíldarframleiðenda, né heldur hvort hann hafi með því háttalagi sínu, ef um það var raunverulega að ræða, gerzt brotlegur við íslensk lög um sölu og sölutilraunir á saltsíld erlendis.

Aðeins er því slegið föstu, að það sanni á engan hátt, að formaður og varaformaður Síldarútvegsnefndar séu ekki starfi sínu vaxnir, þótt Vigfús Friðjónsson hafi selt eða gert tilraunir til að selja saltsíld framleidda af fyrirtæki því, sem hann veitir forstöðu, fyrir herra verð til Svíþjóðar en Síldarútvegsnefnd tókst að fá í þessu sama landi fyrir saltsíld annarra framleiðenda, enda mun nefndin öll, en ekki einhverjir tveir nefndarmenn, hafa borið ábyrgð á slíkri sölu, eins og öllum hennar gerðum, hvort sem þær kunna að takast betur eða miður.

Verður því samkvæmt því, sem hér að framan segir, að telja, að ummælin undir þessum lið, sem birtust í áðurnefndu blaði, um formann og varaformann Síldarútvegsnefndar séu ósönnuð og eigi ekki rétt á sér.

II. . . . „Þeir hafa misnotað aðstöðu sína í S.Ú.N. á ýmsan hátt. M. a. hnuplað af saltendum á 5 árum um það bil 1½ milljón króna, sem nefndin hefur nú verið dæmd til að endurgreiða þeim.“ Hér mun aftur vera átt við formann og varaformann Síldarútvegsnefndar, þar sem talað er um þá í margnefndu blaðaviðtali. Þessa aðdróttun sína segir Vigfús Friðjónsson vera studda þeim rökum, að veturinn 1958—1959 hafi gerðardómur úrskurðað, að Síldarútvegsnefnd skyldi greiða Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi samtals kr. 863.651.73 ásamt vöxtum

sem oftekinn kostnað vegna síldarleitar á árunum 1954—1957, að báðum árum meðtöldum. Erlendur Þorsteinsson, formaður Síldarútvegsnefndar, kveðst ekki geta skilið fyrrgreind ummæli á annan hátt en að með þessu sé honum og varaformanni Síldarútvegsnefndar, Jóni Leopold Þórðarsyni, brugðið um beinan þjófnað. Telur hann, að ágreiningur sá, er varð milli síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og Síldarútvegsnefndar um færslu gjalds vegna síldarleitar, réttlæti á engan hátt þessi ummæli. Hafi ágreiningur orðið milli fyrrnefndra aðilja um gjald þetta í áðurnefnd 4 ár, og hafi Jón Leopold verið formaður Síldarútvegsnefndar öll þau ár, en Erlendur Þorsteinsson varaformaður nefndarinnar í aðeins eitt ár af þessum fjórum. Hafi öll nefndin og framkvæmdastjóri hennar verið sammála um að færa síldarleitar-kostnaðinn öll árin á þann hátt, sem gert var. Einnig hafi endurskoðendur Síldarútvegsnefndar enga athugasemd gert við reikninga nefndarinnar öll þessi ár.

Um þetta atriði er það annars að segja, að ljóst virðist eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja, að ágreiningur hafi staðið milli Síldarútvegsnefndar í heild og Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi áðurnefnd 4 ár um það, hvernig skilja beri ákvæði laga um ákvörðun og skiptingu kostnaðar við síldarleit úr lofti, og úrskurðaði gerðardómur, að þeir, sem sæti áttu í Síldarútvegsnefnd, hefðu lagt rangan skilning í viðkomandi ákvæði laga, og bæri nefndinni því að endurgreiða síldarsaltendum á nefndu svæði fyrrnefnda fjárupphæð. Telst þetta á enginn hátt sanna það, að núverandi formaður og varaformaður nefndarinnar hafi hnuplað umræddri fjárhæð af síldarsaltendum, og verður að telja staðhæfingar um það í umtalaðri blaðagrein með öllu óréttmætar.

b. „Þá hafa þeir notað fé nefndarinnar til vafasamra húsakaupa, til að kaupa skúrræfla af félögum, sem þeir eru hluthafar í, fyrir hundruð þúsunda.“

Einnig hér virðist í margnefndu blaðaviðtali vera átt við þá Erlend Þorsteinsson, formann Síldarútvegsnefndar, og Jón Leopold Þórðarson, varaformann nefndarinnar.

Í því skyni að færa þessum fullyrðingum stað, hefur Vigfús Friðjónsson við rannsókn málsins tekið fram, að snemma sumars 1958 hafi Síldarútvegsnefnd keypt 2 skúrræfla, að því er hann telur af hlutafélaginu Pólstjörnunni h/f, sem Jón Leopold, varaformaður nefndarinnar, mun vera hluthafi í, fyrir kr. 200.000.00 ásamt lóðarréttindum. Standi skúrar þessir á baklóðum milli

Lækjargötu og Grundargötu hér í kaupstaðnum. Segir Vigfús Friðjónsson þá, sem fylgzt hafa með verðlagi á fasteignum hér á Siglufirði, vita, að hér sé um óeðlilega verzlun að ræða.

Út af ummælum þeim, sem hér um ræðir, hefur formaður Síldarútvegsnefndar, Erlendur Þorsteinsson, tekið fram, að þau 23 ár, sem hann hefur verið í Síldarútvegsnefnd eða starfað hjá henni, hafi nefndin aldrei keypt fasteignir, lóðir eða annað af honum persónulega eða hlutafélögum þeim, sem hann hefur verið hluthafi í. Umræddar lóðir og hús, segir formaður nefndarinnar ekki hafa verið keyptar af Pólstjörnnunni h/f, heldur af Höfðavík h/f. Eignir þessar liggi að Tunnuverksmiðju ríkisins á Siglufirði, en verksmiðjuna vanti geymsluhús fyrir tunnur. Telur formaðurinn kaup þessara eigna hafa verið mjög hagkvæm, eins og sjá megi af því, að allir nefndarmenn hafi verið sammála um kaupin, og enn fremur því, að nokkru eftir kaupin á þessum lóðum hafi Síldarútvegsnefnd fest kaup á tiltekinni húseign hér í bænum fyrir kr. 250.000.00, hafi það síðan verið rífið og hafi stærð þessarar lóðar verið $\frac{1}{3}$ hluti af stærð hinna lóðanna, sem gerðar eru að umtalsefni í blaðagreininni, sem hér er rætt um. Á þeim lóðum hafi staðið gamlar byggingar, sem seldar voru til niðurrifs. Hafi eignirnar alls ekki verið keyptar með tilliti til bygginga þessara, heldur lóðanna í áðurnefndu skyni. Það skal tekið fram, að Síldarútvegsnefnd hefur með höndum stjórn Tunnuverksmiðja ríkisins samkvæmt lögum þar að lútandi. Jón Leopold Þórðarson mun eiga einhvern hlut í Höfðavík h/f, sem margnefndar lóðir voru keyptar af. Samkvæmt því, sem hér að framan er rakið, verður ekki séð, að sannað hafi verið á neinn hátt, að núverandi formaður og varaformaður Síldarútvegsnefndar hafi notað fé nefndarinnar til vafasamra húsakaupa né í því skyni að hagnast á slíkum kaupum persónulega, eins og látið er liggja að í umræddu blaðaviðtali.

Verður því að telja ummæli þessi óréttlætt og marklaus.

c. „Þeir hafa með fyrirhyggjuleysi eyðilaggt tómunnubirgðir í stórum stíl. Hefur nefndin nú verið látin greiða saltendum hátt í milljón kr. bætur fyrir sölu á skemmdum umbúðum.“

Ekki verður annað séð en að framangreindar staðhæfingar, eins og þær eru settar fram í margumræddu blaðaviðtali, eigi við núverandi formann og varaformann Síldarútvegsnefndar, eins og aðrar staðhæfingar og aðdróttanir í viðtali þessu. Til rökstuðnings þessum ummælum hefur Vigfús Friðjónsson við rann-

sókn málsins lýst því, að veturinn 1957—1958 hafi verið hrúgað saman á svonefndri „Sunnu“-lóð um 50—60 þúsund tunnum, þar af allmiklu magni af saltfullum tunnum. Um vorið 1958 hafi komið í ljós, að tunnur þessar voru stórskemmdar eftir veðrabrigði vetrarins og því verið lítt nothæfar undir síld. Segir hann miklu af þessu tunnnumagnni hafa verið deilt með valdboði, að því er hann telur, niður á saltendur hér á Siglufirði, þannig að þeir hafi þurft að taka 60% af þessum gölluðu tunnum, ef þeir áttu að fá 40% af ógölluðum tunnum til söltunarinnar. Þessar gölluðu og skemmdu tunnur segir Vigfús hafa valdið því, að síldin, sem í þær var láatin, hafi skemmzt og verið illseljanleg. Hafi þetta valdið síldarsaltendum miklu tjóni og aukakostnaði og einnig telur hann það hafa verið ábyrgðarlaust að senda síldina á erlendan markað í slíkum umbúðum. Hafi máli þessu lyktað með því, að síldarsaltendur hafi kosið nefnd til að ræða málið við Síldarútvegsnefnd og krefjast skaðabóta fyrir tiltækið. Hafi nefndin í viðræðum þessum fallizt á að selja saltendum tunnur þessar með 25 króna afslætti á hverja tunnu, og telur Vigfús skaðabætur þessar hafa numið á aðra milljón króna. Þá hefur Vigfús Friðjónsson látið þess getið, við rannsókn málsins, að hann telji, að „Sunna h/f“, sem formaður Síldarútvegsnefndar, Erlendur Þorsteinsson, er hluthafi í, hafi fengið greidda ríflega leigu fyrir lóðina, sem tunnur þessar voru geymdar á. Telur Vigfús, að forráðamenn Síldarútvegsnefndar beri ábyrgð á því gífurlega tjóni, sem hann telur síldarsaltendur hafa haft af þessum tunnuskemmdum, því að auðvelt hafi verið, að hans áliti, að fá húsnæði fyrir allar þessar tunnur yfir veturinn í mjölgeymsluhúsi Síldarverksmiðja ríkisins og víðar.

Út af þessu ádeiluatriði og ummælum hefur formaður Síldarútvegsnefndar tekið fram við rannsókn málsins, að á undanförnum árum, allt frá lokum síðustu styrjaldar, hafi nefndin haft með höndum innflutning og sölu allra síldartunna, sem til landsins hafa verið fluttar. Hafi nefndinni aldrei þótt varlegt að hafa minni tunnubirgðir í vertíðarbyrjun en sem svarar 10% fram yfir gerða sölusamninga. Árið 1957 hafi verið gerðir fyrirfram samningar um sölu á 320 þúsund tunnum Norðurlandssíldar og hafi Síldarútvegsnefnd birgt sig upp af tunnum í samræmi við þetta. Hins vegar hafi það farið svo, að aðeins hafi þetta sumar verið saltaðar rúmlega 150 þúsund tunnur af Norðurlandssíld og hafi því nefndin um haustið átt gífurlegar tóm-tunnubirgðir. Segir formaður nefndarinnar hafa verið komið fyrir í geymslu

öllum þeim tómtnunum, sem unnt reyndist að fá pláss fyrir í húsum inni, en óhjákvæmilegt hafi reynt að geyma talsvert af tunnubirgðum úti um veturinn. Hafi það mörg undanfarin ár tíðkæzt að geyma tómtnunnur úti um veturinn, án þess að tjón hafi af því hlotið, og er það skoðun formannsins, að geymsluskemmdirnar, sem komu fram á umræddum tunnum, hafi stafað af slæmu efni í þeim. Telur hann það vera fleipur eitt hjá Vigfúsi Friðjónssyni, að fáanlegt hafi verið húspláss til tunnugeymslu á Siglufirði nefndan vetur fyrir meiri birgðir en geymdar voru inni. Neitar formaður nefndarinnar því eindregið, að það hafi við nokkur rök að styðjast, að tunnuskemmdirnar, sem hér er rætt um, hafi verið að kenna fyrirhyggjuleysi hans og varaformanns Síldarútvegsnefndar, en hitt sé rétt, að nefndin hafi selt saltendum skemmdu tunnurnar með afslætti.

Þá hefur Erlendur Þorsteinsson tekið fram, vegna aðdróttana Vigfúsar Friðjónssonar í framburði hans við rannsókn þessa máls, að „Sunna h/f“ hafi fengið greidda ríflega leigu fyrir lóðina, þar sem tunnurnar voru geymdar, að hann hafi undanfarin 5 ár haft með höndum umsjón með söltun síldar fyrir söltunarstöð þessa félags og snerti þessar aðdróttanir hann því. Sannleikann í máli þessu segir Erlendur vera þann, að meginhlutinn af margnefndum tunnubirgðum hafi verið geymdur á lóð, sem „Sunna h/f“ á, en leigir öðru fyrirtæki (Dröfn h/f), og hafi það fyrirtæki að sjálfsgöðu fengið mest af leigunni fyrir tunnugeymsluna, en „Sunna h/f“ aðeins lítinn hluta hennar. Hvorki formaður né varaformaður nefndarinnar muni vera hluthafi í Dröfn h/f né á annan hátt bundinn því fyrirtæki.

Hér verður ekki tekin afstaða til þess, hvort síldarsaltendur hafi raunverulega skaðast á því, að fyrrnefndar tómtnunnubirgðir voru geymdar úti um veturinn 1957—1958, eins og haldið er fram í margnefndu viðtali við Vigfús Friðjónsson í Kosningablaði Alþýðubandalagsins í Siglufirði 24. júní 1959. Hitt verður að telja með öllu ósannað, að formaður og varaformaður Síldarútvegsnefndar hafi með „fyrirhyggjuleysi eyðilagt tómtnunnubirgðir í stórum stíl“, eins og staðhæft er í þessu viðtali. Verður ekki séð, eftir því sem hér að framan er rakið, að þessir tveir nefndarmenn hafi öðrum nefndarmönnum framar átt hlut að þessari ráðstöfun, og verður því að telja einnig þessa staðhæfingu óréttlætta og marklausa.

d. „Einnig hafa þeir brúðlað með fé saltenda á fleiri sviðum.“

Þessi síðast tilfærða staðhæfing í nefndu viðtali virðist, eins og önnur ummæli, sem áður hefur verið vikið að, eiga við þá Erlend Þorsteinsson, formann Síldarútvegsnefndar, og Jón Leopold Þórðarson, varaformann nefndarinnar. Til rökstuðnings þessum ummælum hefur Vigfús Friðjónsson við rannsókn málsins haldið því fram, að undanfarin 3 sumur, miðað við sumarið 1959, hafi Síldarútvegsnefnd selt saltendum sykur á rúmlega 1 kr. dýrara kg en hæsta verð er hjá heildsölum. Hafi heildsöluverð að undanförmu að sögn Vigfúsar verið kr. 3.20, meðalverð pr. kg. Árið 1959 hafi Síldarútvegsnefnd áætlað söluverð á sykri kr. 4.45 pr. kg og sumarið 1958 hafi nefndin selt hvert kg á kr. 4.45, en árið 1957 kr. 4.65 pr. kg. Kveðst Vigfús telja, að nefndin ætti að geta selt sykurinn mun ódýrar en heildsalar, þar eð mikið magn sé keypt í einu og því auðvelt að fá sykurinn fyrir lægra verð. Með þessari ráðstöfun telur Vigfús Friðjónsson, að síldarsaltendur hafi greitt rúmlega einnar milljón króna hærri verð fyrir sykurinn, sem þeir keyptu af Síldarútvegsnefnd, en verðlagsákvæði heimila.

Út af þessum lið staðhæfinga þeirra, sem fram koma í nefndu viðtali við Vigfús Friðjónsson, hefur Erlendur Þorsteinsson, formaður Síldarútvegsnefndar, tekið fram við rannsókn málsins, að síldarsaltendur séu ekki skyldugir til að kaupa sykurinn til söltunarinnar af nefndinni, heldur séu þeir frjálsir að kaupa hann, hvar sem þeim sýnist. Segir hann nefndina á hverju ári hafa óskað tilboða í sykursöluna frá þeim tveimur aðiljum héraðslendum, sem aðallega flytja inn sykur, þ. e. S.Í.S. og Impuni, hafi verðtilboðin a.m. k. oftast verið eins hjá þessum aðiljum og kaupunum skipt milli þeirra. Ýmsan kostnað, sem formaðurinn hefur tilgreint, segir hann leggjast á sykurinn, eftir að nefndin hefur keypt hann. Sykurinn sé síðan verðjafnaður, þannig að síldarsaltendur fái hann fyrir sama verð, hvar sem þeir eru á landinu.

Ekkert hefur komið fram við rannsókn málsins, sem talið verður hnekkja þeim staðhæfingum Erlends Þorsteinssonar, formanns Síldarútvegsnefndar, að síldarsaltendum sé frjálst að kaupa sykur til síldarsöltunar, hvar sem vera skal, og þurfi því ekki, fremur en þeim lízt, að kaupa hann af nefndinni, og ekki heldur því, að sykur sá, sem saltendur kaupa af nefndinni, kunni að vera dýrari en ella vegna ýmiss kostnaðar, sem á hann leggst og vegna verðjöfnunar. Allra sízt verður það þó talið sannað, að jafnvel þótt síldarsaltendur þyrftu að kaupa sykur af Síldar-

útvegsnefnd á hærra verði en annars staðar er unnt að fá hann fyrir, sé það persónulega að kenna þeim Erlendi Þorsteinsyni, formanni Síldarútvegsnefndar, og Jóni Leopold Þórðarsyni, varaformanni nefndarinnar. Verða því ummælin í margnefndu blaðaviðtali, sem felld eru undir þanna staflið, enn talin ósönnuð og óréttlætt.

III. „Ég tel, að hún hafi enga heimild til þess, en misnoti hins vegar óljós atriði í reglugerðinni, sem tiltekur vald hennar, til að gera hluti, sem löggjafinn hefur ekki ætlað til að hún geri og sem engin heilbrigð skynsemi mælir með. Með þessu tiltæki skaðar hún sjómenn, landverkafólk, útgerðarmenn og síldarsaltendur og þjóðina í heild um dýrmætan gjaldeyri“

Með þessum ummælum mun vera átt við Síldarútvegsnefnd í heild, en ekki formann hennar eða varaformann öðrum fremur. Ekki hefur Vigfús Friðjónsson, sem viðtalið birtist við, gert tilraun til þess við rannsókn málsins, að því er séð verður, að færa þessum ummælum um nefndina stað að neinu leyti. Verður því að telja staðhæfingar undir þessum tölulið ósannaðar og marklausar.

Vigfús Friðjónsson tók það fram við rannsókn málsins, að þar sem hann talar um formann og varaformann Síldarútvegsnefndar í viðtalinu við Kosningablað Alþýðubandalagsins í Siglufirði 24. júní 1959, eigi hann einnig við aðra forráðamenn nefndarinnar, sem stóðu að þeim samþykktum hverju sinni, sem þar er rætt um og nefndin byggði þær aðgerðir sínar á, sem hann taldi vera aðfinnsluverðar. Eins og ummælin eru framsett í viðtalinu, verða þau þó naumast skilin á annan veg en þann, að þau eigi aðeins við formann og varaformann nefndarinnar, a. m. k. þau ummæli, sem tekin eru til meðferðar undir tölulið I og II hér að framan, að meðtöldum stafliðum a-d undir tölulið II.

Það skal tekið fram til skýringar því, að eingöngu er vitnað í framburð Erlends Þorsteinssonar, formanns Síldarútvegsnefndar, hér að framan, að Jón Leopold Þórðarson, varaformaður nefndarinnar, hefur að öllu leyti staðfest það, sem Erlendur hefur borið um málavexti við rannsókn málsins, sem rétt, að svo miklu leyti sem hann hefur getað um það borið.

Ákærði Ármann Jakobsson héraðsdómslögmaður var ábyrgðarmaður Kosningablaðs Alþýðubandalagsins í Siglufirði, sem framangreind ummæli birtust í. Verður hann því talinn bera ábyrgð á ummælum þessum eftir reglum laga nr. 57/1956 um prentrétt, enda birtust þau ekki í ritsmíð, ritaðri undir nafni.

Með birtingu ummæla þeirra, sem greind eru undir liðum I—

III hér að framan, telst ákærði sem ábyrgðarmaður blaðsins, sem þau birtust í, og með tilliti til þess, að ummælin beinast gegn opinberum starfsmönnum og snerta starf þeirra sem slíkra, hafa gerzt brotlegur við 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 16. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt. Þykir refsing hans samkvæmt nefndum lagagreinum hæfilega ákveðin 2.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber samkvæmt niðurstöðum, sem áður hefur verið komizt að viðkomandi umræddum ummælum hverjum fyrir sig, að ómerkja þau með vísan til 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga.

Telja verður, að ummæli þau, sem rakin eru undir tölulíðum I—II hér að framan, séu móðgandi og til þess fallin að valda þeim, sem þau beinast gegn, þ. e. þeim Erlendi Þorsteinssyni, formanni Síldarútvegsnefndar, og Jóni Leopold Þórðarsyni, varaformanni nefndarinnar, álitshnekki. Með tilvísan til 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga þykir bera að dæma ákærða til að greiða þeim Erlendi Þorsteinssyni og Jóni Leopold Þórðarsyni bætur af þessum sökum, sem þykja hæfilegar kr. 1.500.00 til hvors um sig.

Þá þykir rétt samkvæmt 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga að dæma ákærða til greiðslu kostnaðar við birtingu dóms þessa í opinberu blaði. Þykir sá kostnaður hæfilega ákveðinn kr. 200.00. Samkvæmt framangreindum niðurstöðum ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

Eftir að mál þetta var þingfest, varð allmikill dráttur á rekstri þess. Stafaði drátturinn sumpart af framlengdum fresti, sem ákærða var veittur til að skila vörn sinni, og sumpart stafaði hann af önnum og fjarveru dómarans.

Dómsorð:

Ákærði, Ármann Jakobsson, greiði kr. 2.000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Framangreind ummæli skulu vera ómerk.

Ákærði greiði Erlendi Þorsteinssyni og Jóni Leopold Þórðarsyni fébætur, kr. 1.500.00 hvorum. Ákærði greiði áðurnefndum Erlendi Þorsteinssyni og Jóni Leopold Þórðarsyni kr. 200.00 til að standast kostnað af birtingu dómsins í opinberu blaði.

Hann greiði allan sakarkostnað.
Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. nóvember 1961.

Nr. 97/1961. **Anton Björnsson**
 gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og dóms-
málaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Afrýjandi, Anton Högnason, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóð, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 29. nóvember 1961.

Nr. 19/1960. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs**
 (Þorvaldur Ari Arason hdl.)
 gegn
Sigurði Á. Magnússyni og Stefáni Einarssyni
 (Agnar Gústafsson hdl.).

Dómendur:

hæstaréttardómaramennir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-
son, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snæv-
arr prófessor

Íbúðarhús í Reykjavík var vegna mistaka bæjarstarfsmanna á sviði byggingarmála reist á of lágum grunni, miðað við götuhæð. Eigendum hússins dæmdar bætur úr bæjarsjóði.